

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í sveitarfélögum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri. Ákvæði laganna taka og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að lögini taki til annarra staða, ef verkalýðsfélög og atvinnurekendur þar óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því.

## 2. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stundar meðlimur verkalýðsfélags að hluta sjósókn á eigin fari, en vinnur að öðru leyti í þjónustu gjaldskyldra atvinnurekenda, og er hann þá gjaldskyldur með sama hætti og atvinnurekendur skv. 1. og 2. mgr. af vinnu í eigin þágu. Hver róðrardagur telst sem einn vinnudagur, þegar gjald er reiknað. Bótaréttur viðkomanda skv. öðrum ákvæðum laganna skal ákvarðaður á sama grundvelli.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins, sömuleiðis við steinlímдар, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir og kostnaður við gerð varanlegs slitlags